

Alþingi 2.6.2015

Málsnr.: 1505119

Málalykill: 0345

Vegir í Skorradal

20. okt. 2014

Ágætu þingmaður, varðandi vegamál í Skorradal, langar mig að koma á framfæri að nú er nokkuð langt um liðið frá því unnið hefur verið við varanlega vegagerð í Dalnum. Varanlegt slitlag er einungis á hluta vegar no. 508 að norðanverðu í dalnum, en báðu megin vatnsins er veruleg umferð vegna mikils fjölda sumarhúsa á svæðinu. Eins er rétt að draga athyggli að því að vegur no. 508 er mjög varasamur á nokkrum stöðum, til að mynda er leiðin um Hvamsklif verulega mikill farartálmi í snjóum. Þar sem varanlegu slitlagi á vegi no. 508 líkur (við Vatnsenda) og inn að Fitjum við enda vatnsins er vart hækt að tala um annað en að vegurinn sé lítið meira en vegaslóði og er því verulega mikil þörf á vegarbótum á þessu svæði. Varðandi veg no. 507 Mófellstaðaveg og veg no. 520 í átt að Draghálsi þyrfti að koma á varanlegu slitlagi en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum er undirlag þessara vega nokkuð gott og því ætti það að vera til sparnaðar að koma á þessa kafla varanlegu slitlagi til að draga úr viðhaldskosnaði. Við veg no. 507 er bæði safnstöð fyrir sorp og sundlaug hreppsins og því all nokkur umferð af þeim sökum. Það er þó að öllum líkindum nægilegt að hafa veg no. 507 með fjöggra metra slitlags breidd og þar að leiðandi því um lægri kosnað að ræða. Rétt er að benda á að all nokkur eldhætta er í dalnum, vegna þess að þar er fjöldi sumarhúsa og mikill kjarrgróður. Það er því mikil nauðsin á að um gott vegasamband sé að ræða, bæði til að koma fólki frá svæðinu og eins til þess að slökkvibílar komist til að athafna sig. Skorradalshreppur fékk á þessu ári úthlutað 2,000,000 kr. úr styrkvegasjóði til lagfæringar á vegi um Vatnshorn og við Bakkakot, þarna er um yllfæran vegaslóða að ræða en er hluti af flóttaleið suður fyrir enda vatnsins og tenging við Draghálsveg no.520. Það er mikil nauðsin á að áfram verði veitt fé til þessara lagfæringa, því leiðin er aðeins fær jeppum eins og hún er nú. Skorrdælingar vita að um takmarkað fé er að ræða til vegamála, en okkur fynnst sem við höfum verið nokkuð afskiptir á síðustu árum. Það eru yfir sexhundruð bústaðir á svæðinu auk lögbýla og er því all nokkur umferð þeim sökum. Það er því von okkar að þú takir vel í ósk okkar og styðjir okkur, svo að einhverju vegafé sé ráðstafað til áframhaldandi framkvæmda á svæðinu.

Bestu kveðjur.
fyrir hönd Skorradalshrepps
Árni Hjörleifsson oddviti.